

# Kjarasamningur milli Tannlæknafélags Íslands og Félags tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna

## 1. grein – Gildissvið

Samningur þessi gildir eingöngu um starfsfólk sem greiðir félagsgjöld til Félags tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna.

a) Tanntækna hafa forgangsrétt til vinnu. Forgangsréttur gildir þó eingöngu um nýráðningar. Þeir aðstoða tannlækni á klíník og sinna almennum ritarastörfum í móttöku á tannlæknastofu samkvæmt reglugerð nr. 1122/2012 um menntun, réttindi og skyldur tanntækna og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.

b) Aðstoðarfólk tannlækna, sem fær starfsþjálfun sína á tannlæknastofum eingöngu. Tanntækna og aðstoðarfólk hafa þagnarskyldu um allt það, sem snertir starf þeirra. Þagnarskyldan er virk, þótt viðkomandi láti af störfum.

Ekki er gert ráð fyrir að tanntækna eða aðstoðarfólk annist almenna daglega ræstingu á gólfum og salernum.

## 2. grein – Ráðning, reynslutími, uppsagnarfrestur o.fl.

### Ráðning

Í ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar, þ.e. ráðningarbréfi, skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

1. Deili á aðilum, þ.m.t. kennitölur.
2. Vinnustaður og heimilisfang atvinnurekanda. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að starfskraftur sé ráðinn á mismunandi vinnustöðum.
3. Titill, staða, eðli eða tegund starfs sem starfskraftur er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
4. Fyrsti starfsdagur.
5. Lengd ráðningar sé hún tímabundin.
6. Orlofsréttur.
7. Uppsagnarfrestur af hálfu atvinnurekanda og starfskrafts.
8. Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, mánaðarlaun sem yfirvinna er reiknuð af, aðrar greiðslur eða hlunnindi svo og greiðslutímabil.
9. Lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku, vikulegan vinnutíma eða starfshlutfall.
10. Lífeyrissjóður og séreignalífeyrissjóður ef við á.
11. Tilvísun til gildandi kjarasamnings og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar skv. 6.-9. tl. má gefa með tilvísun til kjarasamninga.

## Um skráningu vinnutíma

Við ráðningu skal gera skriflegan ráðningarsamning, en í samningi þessum má ekkert vera, sem skerðir kjarasamning TFÍ og FTAT

## Reynslutími

Fyrstu 3 mánuðir starfsins skulu vera reynslutími og er uppsagnarfrestur af allra hálfu ein vika.

## Starfsmat

Að loknum reynslutíma skal gera skriflegan ráðningarsamning, en í samningi þessum má ekkert vera, sem skerðir kjarasamning TFÍ og FTAT. Starfsmat og hugsanleg leiðrétting á starfskjörum skal fara fram með sérstöku viðtali milli vinnuveitanda og starfsmanns. Slíkt viðtal skal fara fram einu sinni á ári og ber vinnuveitanda að hafa frumkvæði að því að boða til viðtals. Ef lengri tími en eitt ár líður á milli viðtala, getur starfsmaður óskað eftir viðtali, og skal það þá veitt innan tveggja mánaða. Niðurstaða fundarins skal skráð og staðfest með undirritun beggja aðila og skoðast það sem hluti ráðningarsamnings.

## Uppsagnarfrestur

Að loknum reynslutíma er uppsagnarfrestur 1 mánuður miðað við mánaðamót, á fyrsta ári í starfi. Eftir það er uppsagnarfrestur 3 mánuðir af beggja hálfu. Sé tanntæknir eða aðstoðarmaður ráðinn aftur hjá sama tannlækni eða öðrum skal hann njóta fyrri starfsaldurs við ákvörðun launa.

Sé tanntæknir eða aðstoðarmaður búinn að starfa í 10 ár hjá sama atvinnurekanda, og er orðinn 55 ára, lengist uppsagnarfrestur í 4 mánuði, 5 mánuði ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuði ef hann er orðinn 63 ára. Tanntæknir og aðstoðarfólk geta hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal ávallt vera skrifleg.

## 3. grein – Laun.

### Greiðsla launa

Útborgun launa skal fara fram mánaðarlega og eigi síðar en fyrsta dag eftir að mánuði þeim lýkur, sem laun eru greidd fyrir. Beri þann dag upp á frídag skal borga út síðasta virka dag mánaðarins. Tanntæknar og aðstoðarfólk skulu fá launaseðil við hverja útborgun, þar sem greiðslan er sundurliðuð, svo sem í dagvinnu og yfirvinnu, og unnar stundir í yfirvinnu tilgreindar. Einnig verði allur frádráttur sundurliðuður.

### Lágmarkslaun 1. apríl 2024

1. apríl 2024: Lágmarks byrjunarlaun tanntækna kr. 528.750.-

1. apríl 2024: Lágmarks byrjunarlaun aðstoðarfólks kr. 468.464.-

Hækkanir launa á samningstímanum:

1. apríl 2024: 3,25% eða að lágmarki 23.750 kr.

1.janúar 2025: 3,50% eða að lágmarki 23.750 kr.

1.janúar 2026: 3,50% eða að lágmarki 23.750 kr.

1.janúar 2027: 3,50% eða að lágmarki 23.750 kr.

Starfsmenn sem fengið hafa framangreinda launahækkun upp á 3,25% á tímabilinu 1. mars 2024 til undirritunar samnings njóta ekki afturvirktrar launahækkunar.

## Hagvaxtaraukning

Aukist framleiðni um meira en 2% á árunum 2025 og 2026 mun launafólk fá hlutdeild í þeirri verðmætaaukningu í formi sérstaks framleiðniauka, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Framleiðniauki og greiðsla fyrir hann er nánar útfærð í fylgiskjali með samningi þessum.

Um greiðslu skv. þessu ákvæði fer eftir niðurstöðu samráðsnefndar SA og VR.

## Desember- og orlofsuppbót

(Orlofsuppbót og desemberuppbót er lögð saman í eina upphæð).

Á árinu 2024: 169.000 kr.

Á árinu 2025: 175.000 kr.

Á árinu 2026: 181.000 kr.

Á árinu 2027: 187.000 kr.

Orlof greiðist ekki af desember- og orlofsuppbót eins og af öðrum launum.

Desember- og orlofsuppbót greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert miðað við starfshlutfall og starfstíma. Öllum starfsmönnum sem hafa verið samfelld í starfi hjá tannlækni í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember fá greidda desember- og orlofsuppbót. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði, skal fá greitt hlutfallslega.

Desember- og orlofsuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum, þ.e. ekki á að reikna orlof ofan á uppbótageiðslur.

Áunna desember- og orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar.

Desember- og orlofsuppbót má taka út sem frítökurétt ef um það er samið af báðum aðilum launþega og vinnuveitanda.

Heimilt er að hafa uppgjörstíma 1. desember til 30. nóvember ár hvert í stað almanaksársins. En fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira, fyrir utan orlof.

Starfsmaður, sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs, eða eftir 12 vikna samfelld starf á árinu hjá sama vinnuveitanda, skal við starfslok fá greidda desember- og orlofsuppbót miðað við

starfstíma og starfshlutfall á árinu. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur, eða í allt að 6 mánuðum vegna fæðingarorlofs. Heimilt er að jafna greiðslum yfir allt árið.

## Kaupgreiðslur í veikindaförföllum

Launagreiðslur til meðlima FTAT í veikindaförföllum skulu vera þannig:

- Á fyrsta ári tvo daga fyrir hvern unninn mánuð.
- Eftir 1 árs starf þrjú mánuði á hverjum 12 mánuðum.
- Eftir 5 ára starf hjá sama vinnuveitanda 5 mánuðir á hverjum 12 mánuðum.
- Eftir 10 ára starf hjá sama vinnuveitanda 7 mánuðir á hverjum 12 mánuðum.

Þó skal tanntæknir eða aðstoðarfólk, sem áunnið hafa sér réttindi til 5 eða 7 mánaða launagreiðslna í veikindaförföllum hjá síðasta vinnuveitanda og skiptir um starf, eiga rétt til launagreiðslu um eigi skemmri tíma en 3 mánuði af hverjum 12 mánuðum. Veikist tanntæknir eða aðstoðarfólk, ber þeim að tilkynna tannlækni veikindi sín eins fljótt og auðið er. Skylt er tanntækni og aðstoðarfólki að sanna veikindi sín með læknisvottorði, sé þess óskað. Vinnuveitandi greiðir fyrir læknisvottorð sé þess krafist Hægt er að biðja um vottorð frá trúnaðarlækni sé þess óskað.

Veikindarétturinn er **heildaréttur** á hverju 12 mánaða tímabili án tillits til tegundar sjúkdóms. Þegar starfsmaður veikist eru þeir dagar taldir sem hann hefur tekið út síðustu 12 mánuði áður en hann veiktist. Sá dagafjöldi er síðan dreginn frá þeim veikindarétti sem hann hefur áunnið sér á grundvelli starfstíma.

Talning 12 mánuði aftur í tímann miðast við 12 launamánuði, þ.e. þá mánuði sem starfsmaður hefur fengið greidd laun. Hafi starfsmaður t.d. verið fjarverandi í launalausum leyfi eða launalaus vegna langvarandi veikinda verður að lengja 12 mánaða tímabilið sem nemur launalausum mánuðum. Fjallað er um þessa reglu í skýringum með veikindaákvæðum kjarasamninga:

„Veikindaréttur miðast við greidda veikindadaga á 12 mánaða launatímabili. Þegar starfsmaður verður óvinnufær er við upphaf veikinda litið til þess hversu margir dagar hafa verið greiddir á síðustu 12 launamánuðum og dragast þeir frá áunnum veikindarétti. Hafi starfsmaður verið launalaus á tímabili telst það tímabil ekki með við útreikning.“

**Dæmi:** Starfsmaður á þriggja mánaða veikindarétt. Hann er óvinnufær í janúar og febrúar vegna sjúkdóms og fer svo í fæðingarorlof 1. mars. Hann kemur aftur til starfa 6 mánuðum síðar eða 1. september. Þegar hann verður óvinnufær 1. júlí næsta ár þá er litið til þess hversu langt veikindatímabil hann hefur fengið greitt síðustu 12 launamánuði. Vegna 6 mánaða fjarveru er horft 18 mánuði aftur eða alveg frá 1. janúar árið á undan. Þar sem þegar er búið að greiða 2 mánuði á tímabilinu þá stendur eftir einn mánuður í veikindarétt.

Ef tannlæknir óskar eftir að tryggja starfsfólk sitt vegna langvarandi veikinda hjá tryggingafélagi að eigin ósk, ber viðkomandi starfsmanni að veita fulltrúa tryggingafélagsins umbeðnar heilsufarsupplýsingar til að gilda trygginguna. Launagreiðanda ber þá að greiða fyrir læknisvottorð.

## **Veikindaréttur barna**

Foreldri skal eftir 6 mánuði í starfi heimilt að verja einum degi fyrir hvern unninn mánuð, samtals allt að 6 vinnudögum til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið og haldi foreldri föstum og reglubundnum launum.

Eftir eins árs starf hjá sama tannlækni skal foreldri með sama hætti heimilt að verja samtals 12 vinnudögum til aðhlyningar börnum sínum undir 13 ára aldri. Það er sameiginlegur skilningur aðila, að með foreldri sé einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

Sama á við um börn undir 16 ára aldri þegar veikindi eru það alvarleg að þau leiði til sjúkrahússvistar í að minnsta kosti einn dag.

Veikindaréttur barna gildir einnig um 16 ára og yngri sem þurfa að leggjast inn á spítala.

Jafnframt er það skilningur aðila á milli, að sannanlega taki báðir foreldrar þátt í aðhlyningu barna þegar starfandi foreldri er í sambúð, og skiptir með sér dögum, eða hluta úr degi, í aðhlyningu barna sinna.

Tanntæknar og aðstoðarfólk eiga rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss, sem krefjast tafarlausrar nærveru starfsmanns. Tanntæknar og aðstoðarfólk eiga ekki rétt á launum frá vinnuveitanda í framangreindum tilfellum.

## **4. grein – Vinnutími**

Fullt starf er 36,75 stunda vinnuvika með óreglulegu neysluhléi eða 35,5 stunda vinnuvika án formlegs neysluhlés í skilningi kjarasamnings þessa.

Starfsmaður á rétt á tveimur eða fleiri neysluhléum, samtals 30 mínútur á dag og er þessi tími innifalinn í 36,75 stunda vinnuviku. Neysluhlé eru ótímasett og skal sæta lagi eftir því sem starfsemi tannlæknastofunnar leyfir (óregluleg neysluhlé).

Einnig á starfsmaður rétt á hádegismatartíma óski hann þess. Sé vinna lögð niður vegna hádegismatartíma að lámarki 30 mín eða lengur og starfsmaður hefur forræði á matartímanum sínum er matartíminn þá ekki hluti af vinnutíma og heildarviðvera á vinnustað lengist sem því nemur. Heimilt er þó að semja um annað í ráðningarsamningi, svo sem eins og styttingu á vinnutíma.

Vikulegur dagvinnutími getur verið breytilegur á tímabilinu 07:45-18:00, 5 daga vikunnar, sveigjanlegur vinnutími. Aðilar geta þó samið um hliðrun á dagvinnutíma innan vikunnar og skal það þá koma fram í ráðningarsamningi. Sé um hlutastarf að ræða, skal deila með unnum vinnustundum á viku upp í 36,75 eða 35,5 eftir því hvor leiðin er valin til þess að finna vinnuprósentu.

## **Frítökuréttur vegna yfirvinnu**

Semji aðilar um að yfirvinna sé greidd með fríddögum reiknast ein klukkustund sem 1.654 dagvinnustundir

Eftir að starfsmaður hefur lokið sinni vinnuprósentu sem umsamið er samkvæmt ráðningarsamningi fer hann á yfirvinnukaup eða umsamin frítökurétt.

Vinnutími skal koma fram í ráðningarsamningi.

Heimilt er að semja svo um á vinnustað, að unnið sé á uppstigningardag og sumardaginn fyrsta.

Samþykki starfsmenn að vinna á sumardaginn fyrsta eða á uppstigningardag, skal greiða fyrir það með einu af tveim:

- a) Yfirvinnukaupi samkvæmt kjarasamningi.
- b) Tveimur auka orlofsdögum.

Fyrirkomulagið, sem samið er um, skal koma fram í ráðningarsamningi.

Sé yfirvinna unnin samfellt í 2 klst. eða lengur eftir að dagvinnu lýkur, skal veita matartíma, eina klukkustund. Sé matartíminn eða hluti af honum unninn, greiðist hann á tvöföldu yfirvinnukaupi. Fyrir auka útkall skal greiða minnst 4 tíma yfirvinnu.

Í einum mánuði teljast að jafnaði vera 21,67 dagar, sem vinna á. Ef unnið er hluta úr mánuði er reiknað hlutfallslega miðað við 21,67, en ekki raunverulega lengd mánaðarins.

### **Deilitölur vegna tímakaups, dagkaups**

Dagvinnutímakaup hvers starfsmanns skal fundið með því að deila með 153,86 fyrir 35,5 stunda vinnuviku eða 159,25 fyrir 36,75 stunda vinnuviku í föst mánaðarlaun.

Dagkaup hvers starfsmanns skal fundið með því að deila tölunni 21,67 í föst mánaðarlaun.

### **Yfirvinnuálag**

Öll yfirvinna greiðist með tímakaupi, sem nemur 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Öll vinna, sem unnin er á stórhátíðum greiðist með tímakaupi, sem nemur 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

## **5.grein – Orlof.**

### **Orlofsréttur**

Hver aðili FTAT, sem starfað hefur hjá sama fyrirtæki, skal fá orlof á fullum launum, sem hér segir:

Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir 18 mánaða starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi hann verið sannreyndur (óbreytt frá 1. maí 2024).

Frá og með **1. maí 2025** (ávinnst frá 1. maí 2024) skal orlof vera sem hér segir og miðast áunnin réttur við starf í fyrirtæki.

Á fyrsta ári, 25 virkir dagar á hverju sumri, orlofslaun 10,64%.

Eftir 1 ár í starfi, 26 virkir dagar á hverju sumri. orlofslaun 11,11%

Eftir 4 ár í starfi, 28 virkir dagar á hverju sumri, orlofslaun 12,07%.

Eftir 6 ár í starfi, 30 virkir dagar á hverju sumri, orlofslaun 13,04%

Þeir aðilar, sem hafa unnið skemur en eitt ár, skulu fá orlof í hlutfalli við starfstíma orlofsársins.

Þegar tanntæknir eða aðstoðarfólk hættir störfum hjá tannlækni, ber að greiða þeim út áunnið orlof við starfslok.

Áunninn réttur vegna starfa á tannlæknastofu endurnýjast eftir eins og hálfis árs starf hjá nýjum vinnuveitanda, enda hafi hann verið sannreýndur.

## **Orlofstími**

Sumarorlofstímabilið er á tímabilinu 2. maí til 15. september. Þó er heimilt að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt, þó að lágmarki 20 daga á sumarorlofstímabilinu.

Af þessum 20 dögum skulu 15 dagar vera samfelldir. Ef samkomulag er um að taka 5 daga sumarorlofsins að vetri til að beiðni vinnuveitandans, skal það bætt með 25% aukningu á orlofstíma. Ef launþeginn óskar hins vegar sjálfur eftir orlofi síðar en 15. september, lengist orlof hans ekki.

Tannlæknir ákveður í samræmi við tanntækni eða aðstoðarfólk fyrir 1. mars ár hvert, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum tanntæknis eða aðstoðarfólks um hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar.

Geti tanntæknir eða aðstoðarfólk ekki, vegna veikinda, farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður, skulu þeir sanna forföll sín með læknisvottorði sé þess óskað.

Á sama hátt ber tanntæknum og aðstoðarfólki að tilkynna tannlækni um veikindi eða slys meðan á orlofi stendur innanlands sem erlendis. Getur tanntæknir eða aðstoðarfólk þá krafist orlofs á öðrum tímum, en ekki síðar en svo, að orlofi þeirra sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

## **6. grein – Fæðingarorlof og mæðraskoðun.**

### **Fæðingarorlof**

Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 skal fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti á orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningi, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests. Sama gildir ef kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur, sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn, eða hafa barn á brjósti.

Lögbundið fæðingarorlof telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku, en ekki orlofslauna.

Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda, teljast fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum til starfstíma, við mat á rétti til aukins orlofs samkvæmt kjarasamningi, útreikningi desemberuppbótar, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests.

Ef fæðingarorlof fer í 10 – 12 mánuði á samningstímanum, sem má gera ráð fyrir, samræmist það hér að ofan og fer úr 6 mánuðum í 10 – 12 mánuði eftir atvikum. Þetta verður í höndum ríkisvaldsins og fer í lög um fæðingarorlof, ef til kemur.

## **Mæðraskoðun**

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

## **7. grein – Lífeyrissjóður og félagsgjald.**

Tanntæknar og aðstoðarfólk eiga rétt til aðildar að Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Tannlæknar greiði til sjóðsins 11,5% af mánaðarkaupi, en tanntæknar og aðstoðarfólk 4 %. Samtals 15,5%. Tanntæknar og aðstoðarfólk hafa val um að ráðstafa allt að 3,5% af mótframlagi launagreiðanda í tilgreinda séreign.

Í þeim tilvikum sem tanntæknir eða aðstoðarmaður leggur 2-4% viðbótarframlag í séreignarsjóð skal vinnuveitandi greiða framlag á móti, sem nemur 2%.

Tannlæknir skal taka 1% af launum tanntækna og aðstoðarfólks, fyrir utan 4% vegna lífeyrissjóðsins, til greiðslu á félagsgjöldum viðkomandi til FTAT. Skal tannlæknir skila félagsgjaldinu um leið og hann greiðir til lífeyrissjóðsins.

Greiði aðilar í aðra lífeyrissjóði ber tannlækni að sjá um að greiðsla félagsgjalds, sjúkrasjóðsgjalds og orlofsheimilásjóðsgjalds berist skrifstofu FTAT mánaðarlega ásamt sundurliðun.

## **8. grein – Sjúkra- og orlofsheimilásjóður**

Tannlæknir greiðir 1% af launum í Sjúkrasjóð FTAT og 0,25% af launum tanntækna og aðstoðarfólks í orlofsheimilásjóð FTAT.

Tannlæknir skal skila greiðslum þessum um leið og hann greiðir iðgjald til. Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

## **9. grein – Slysátryggingar**

### **Dánar-, slysa- og örorkuátryggingar**

#### **Tryggingaskylda**

Skylt er atvinnurekenda að tryggja launafólk það, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis sem og frá vinnustað og til vinnustaðar í neysluhléum.

Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.



## Gildissvið slysatryggingar

Vátrygging gildir í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum atvinnurekanda. Tryggingin skal ná til slysa er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki enda hafi slíkt farið fram á vegum atvinnurekanda eða starfsmannafélags og ætlast sé til þátttöku í slíkri iðkun sem hluti af starfi starfsmanna. Ekki skiptir máli að þessu leyti hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans. Undanskilin eru slysa er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífastökki.

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi og eru bótaskyld samkvæmt lögboðinni ökutækja- tryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum.

Tryggingin tekur gildi gagnvart starfsmanni þegar hann hefur störf fyrir atvinnurekanda (fer á launaskrá) og fellur úr gildi þegar hann hættir störfum.

## Vísitala og vísitölutenging bóta

Vátryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir frá 1.febrúar 2024 (608,3 stig ) og breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar. Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hér segir:

## Dánarbætur

Valdi slysa dauða vátryggðs innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast rétthafa dánarbætur að frádregnum þegar útgreiddum bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku vegna sama slyss. Dánarbætur verða frá 1.febrúar 2024 :

1. Til eftirlifandi maka skulu bætur nema 10.762.562 kr . Með maka er átt við einstakling í hjúskap, staðfestri samvist eða í skráðri óvígðri sambúð með hinum látna.
2. Til hvers ólögráða barns sem hinn látni fór með forsjá með eða greiddi meðlag með samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 skulu bætur vera jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris skv. almannatryggingalögum hverju sinni sem það hefði átt rétt til vegna andlátsins til 18 ára aldurs.

Um er að ræða eingreiðslubætur. Við útreikning bóta skal miðað við fjárhæð barnalífeyris á dánardegi. Bætur til hvers barns skulu þó aldrei nema lægri fjárhæð en 4.305.024 kr. Skulu bætur til barna greiddar út til þess sem fer með forsjá þeirra eftir andlát vátryggðs. Til hvers ungmennis á aldrinum 18-22 ára, sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans, skulu bætur vera 1.076.257 kr. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns eða ungmennis hækka bætur um 100%.

3. Hafi hinn látni sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára eða eldri, skal hið eftirlifandi foreldri eða foreldrar sameiginlega fá bætur er nema 1.076.257 kr.

4. Eigi hinn látni ekki maka, skv. tölulið 1., greiðast dánarbætur 1.076.257 kr. til dánarbús hins látna.

### **Bætur vegna varanlegrar örorku**

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli læknisfræðilegar afleiðingar slyss. Skal varanleg örorka metin til stiga samkvæmt töflu um miskastig sem gefnar eru út af Örorkunefnd og skal matið miðast við heilsufar tjónpola eins og það er þegar það er orðið stöðugt. Grunnfjárhæð örorkubóta er 24.538.642 kr. Bætur vegna varanlegrar örorku skulu reiknast þannig að fyrir hvert örorkustig frá 1-25 greiðast 245.387 kr., fyrir hvert örorkustig frá 26-50 greiðast 490.773 kr., fyrir hvert örorkustig frá 50-100 greiðast 981.546 kr. Bætur vegna 100% varanlegrar örorku eru því 67.481.264 kr.

Örorkubætur skulu jafnframt taka mið af aldri tjónpola á slysdegi þannig að bætur lækki um 2% fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur. Eftir 70 ára aldur lækki bætur um 5% af grunnfjárhæð fyrir hvert aldursár. Aldurstenging örorkubóta skal þó aldrei leiða til meiri skerðingar en 90%.

### **Bætur vegna tímabundinnar örorku**

Valdi slys tímabundinni örorku skal trygging greiða dagpeninga í hlutfalli við starfsorku- missinn fjórum vikum frá því slys átti sér stað og þar til starfsmaður verður vinnufær eftir slysið eða þar til örorkumat hefur farið fram, þó ekki lengur en í 37 vikur. Dagpeningar vegna tímabundinnar örorku eru 53.813 kr. á viku. Ef starfsmaður er vinnufær að hluta greiðast dagpeningar hlutfallslega. Dagpeningar úr tryggingu greiðast til atvinnurekanda meðan starfsmaður fær greidd laun samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi en síðan til starfsmanns.

### **Tryggingar atvinnurekenda**

Öllum atvinnurekendum ber að kaupa tryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi sem fullnægir fyrrgreindum skilyrðum kjarasamningsins um slysatryggingar. Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingafélags og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

### **Gildistími bótafjárhæða**

Fyrrgreind ákvæði um slysatryggingar og nýjar bótafjárhæðir taka til slysa sem verða eftir 1. febrúar 2024

## **10. grein – Aðbúnað og hollustuhætti**

Tannlæknir leggur tanntækni og aðstoðarfólki til vinnufatnað tvisvar á ári miðað við fullt starf, eða annan samsvarandi fatnað og skó á tveggja ára fresti eða eftir nánara samkomulagi. Tanntæknar og aðstoðarfólk sjá um þrif á þeim.

Fatahengi og læstur fataskápur skal vera á vinnustað. Ef ekki er hægt að koma við læstum fataskápur skal vera til staðar læst hirsla sem rúmar seðlaveski og síma.

Tannlækni er skylt að láta tanntækni og aðstoðarfólki í té hlífðarglæraugu. Tannlækni er skylt að sjá um að lyfjakassi með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum sé á vinnustað.

Skylt er tanntæknum, aðstoðarfólki og tannlæknum að fara í öllu eftir fyrir mælum Geislavarna ríkisins um meðferð Röntgentækja.

## **Bólusetning**

Starfsmenn eru hvattir til að láta bólusetja sig fyrir lifrabólgu. Tannlæknastofa greiðir fyrir bólusetninguna.

### **11. grein – Samningsmarkmið – gildistími.**

Gildistími samnings er frá 1. apríl 2024 til 1. janúar 2028.

### **12. grein – Endurmenntun**

#### **Fyrirkomulag**

Árspings- og endurmenntunarnefnd TFÍ ásamt stjórn TFÍ og FTAT komi sér saman um endurmenntunardagskrá í einn dag fyrir aðstoðarfólk sem haldið verður samhliða ársþingi TFÍ á hausti hverju sinni. Áhersla verði lögð á hluta úr degi á sótthreinsun og röntgen hverju sinni. Allir tanntæknar og aðstoðarfólk í stéttarfélagi FTAT sem er í vinnu hjá tannlæknum sem eru félagar í Tannlæknafélagi Íslands og eru þar með aðilar að þessum samningi er heimilt að skrá sig á endurmenntunardaginn án endurgjalds fyrir viðkomandi starfsmann. Útlagður kostnaður TFÍ vegna dagskrárinnar fellur á viðkomandi tannlækni sem er með starfsmanninn í vinnu. TFÍ sér um að innheimta þátttökugjöld af viðkomandi tannlækni í samræmi við fjölda þátttakenda frá viðkomandi stofu. Ef starfsmaður skráir sig á endurmenntunardaginn þá skal honum veitt frí á fullum launum til að sinna endurmenntun sinni

### **13. grein – Lagabreytingar**

Verði um að ræða lagabreytingar, er snerta kynnu eitt eða fleiri atriði samnings þessa, ber aðilum að tilkynna félagsmönnum sínum slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.

### **14. grein – Ágreiningur aðila um samning þennan**

Rísi ágreiningur út af samningi þessum, skal vísa málinu til samninganefndar TFÍ og FTAT sem leysa skal slík ágreiningsmál.

Reykjavík 9. desember 2024

**Fh. Tannlæknafélags Íslands**

**Fh. Félags tanntækna og aðstoðarmanna  
tannlækna**

-----  
Gísli Vilhjálmsson

-----  
Sig. Sandra Sú. Forberg

-----  
Fríða Bogadóttir

-----  
Alma Dögg Árnadóttir

-----  
Sigurður Rúnar Sæmundsson

-----  
Auður Sandra Grétarsdóttir

-----  
Margrét Lukka Brynjarsdóttir